

Lögbirtingablað



Gefið út samkvæmt lögum nr. 15 10. mars 2005

Heimilisfang: Síðumúli 29, 2. hæð, 150 Reykjavík.
Sími 545 9050. Myndsendir 568 7646.
Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is
Veffang: <http://lagabirting.is>
ISSN 1670-0236 (vefútgáfa)
ISSN 1670-0228 (prentuð útgáfa)
Árg. kostar kr. 2.500, eintakið kr. 65.

Nr. 54 98. ár Föstudaginn 3. júní 2005

Laust embætti

Með tilvísun til laga um Neytendastofu og talsmann neytenda nr. 62/2005 er hér með auglýst laust til umsóknar embætti talsmanns neytenda.

Hlutverk talsmanns neytenda er m.a. að taka við erindum neytenda, bregðast við þegar hann telur brotið gegn réttindum og hagsmunum neytenda, gefa út rökstuddar álitserðir ásamt tillögum um úrbætur, setja fram tillögur um úrbætur á lögum og stjórnvaldsfyrirmælum er varða neytendur sérstaklega og kynna löggjöf og aðrar réttarreglur er varðar neytendamál.

Talsmaður neytenda skal hafa þekkingu á málefnum neytenda, geta unnið sjálfstætt og sýnt frumkvæði í störfum sínum. Um launakjör fer samkvæmt ákvörðun kjaranefndar.

Viðskiptaráðherra skipar talsmann neytenda frá 1. júlí 2005 til fimm ára og skal umsóknum um stöðuna ásamt upplýsingum um menntun og ítarlegri starfsferilsskrá skilað til viðskiptaráðuneytis, Arnarhvoli, 150 Reykjavík í síðasta lagi 16. júní n.k.

Nánari upplýsingar um embættið veitir Kristján Skarphéðinsson ráðuneytisstjóri í síma 545 8500.

Viðskiptaráðuneytinu,
26. maí 2005.

(4157)

Með tilvísun til laga um Neytendastofu og talsmann neytenda nr. 62/2005 er hér með auglýst laust til umsóknar embætti forstjóra Neytendastofu.

Á nýliðnu vörpingi voru samþykkt á Alþingi lög um Neytendastofu og talsmann neytenda. Neytendastofa er ný stofnun sem mun taka við starfsemi Löggildingarstofu og neytendahluta Samkeppnisstofnunar. Gildistaka laganna er 1. júlí n.k.

Neytendastofa er ríkisstofnun sem starfa skal að stjórnsýsluverkefnum á sviði neytendamála, vöruöryggismála, opinberrar markaðsgæslu, mælifræði og rafmagnsöryggismála svo sem nánar er kveðið á um í lögnum.

Forstjóri Neytendastofu annast daglega stjórnun á starfsemi stofnunarinnar og ræður starfsmenn hennar. Forstjóri skal búa yfir reynslu á þeim sviðum sem starfsemi Neytendastofu tekur til. Þekking á opinberri stjórnsýslu og reynsla af stjórnun er æskileg. Um launakjör fer samkvæmt ákvörðun Kjaranefndar.

Viðskiptaráðherra skipar forstjóra Neytendastofu frá 1. júlí 2005 til fimm ára og skal umsóknum um stöðuna ásamt upplýsingum um menntun og ítarlegri starfsferilsskrá skilað til viðskiptaráðuneytis, Arnarhvoli, 150 Reykjavík í síðasta lagi 16. júní n.k.

Nánari upplýsingar um embættið veitir Kristján Skarphéðinsson ráðuneytisstjóri í síma 545 8500.

Viðskiptaráðuneytinu,
26. maí 2005.

(4158)

Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands skv. 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytinu, 25. maí 2005.

Halldór Ásgrímsson.

Halldór Arnason.

Auglýsingar frá ferðakostnaðarnefnd

um akstursgjald ríkisstarfsmanna *Nr. 1/2005*

Ferðakostnaðarnefnd hefur ákveðið akstursgjald í aksturssamningum ríkisstarfsmanna og ríkisstofnana sem hér segir:

Almennt gjald	kr. pr. km
Fyrstu 10.000 km	60,00
Frá 10.000 til 20.000 km	54,00
Umfram 20.000 km	48,00

Við útreikning á sérstöku gjaldi skal bæta 15% álagi á almenna gjaldið og við útreikning á torfærugjaldi skal bæta 45% álagi á almenna gjaldið.

Akstursgjald þetta gildir frá og með 1. júní 2005. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 4/2004 dagsett 26. október 2004.

Vakin er athygli á því að auglýsingar ferðakostnaðarnefndar eru birtar á vefsíðu fjármálaráðuneytisins. Þar er auk þess að finna reglur nefndarinnar um greiðslu dagpeninga erlendis og greinargerð um forsendur útreikninga akstursgjalds og dagpeninga. Veffangið er:

<http://www.fjarmalaraduneyti.is/ferdakostn.html>

um dagpeninga ríkisstarfsmanna á ferðalögum innanlands *Nr. 2/2005*

Ferðakostnaðarnefnd hefur ákveðið dagpeninga til greiðslu gisti- og fæðiskostnaðar ríkisstarfsmanna á ferðalögum innanlands á vegum ríkisins sem hér segir:

	kr.
1. Gisting og fæði í einn sólarhring	16.500
2. Gisting í einn sólarhring.....	10.800
3. Fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	5.700
4. Fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	2.850

Dagpeningar þessir gilda frá og með 1. júní 2005. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 5/2004 dags. 26. október 2004.

Nefndin fer þess á leit við viðkomandi ráðuneyti að þau kynni efni þessarar auglýsingar þeim stofnunum og fyrirtækjum sem undir þau heyra.

Ennfremur er vakin athygli á því að auglýsing ferðakostnaðarnefndar um dagpeninga er á vefsíðu fjármálaráðuneytisins og er veffangið eftirfarandi:

<http://www.fjarmalaraduneyti.is/ferdakostn.html>

um dagpeningar ríkisstarfsmanna á ferðalögum erlendis

Nr. 3/2005

Ferðakostnaðarnefnd hefur ákveðið dagpeninga til greiðslu ferðakostnaðar ríkisstarfsmanna á ferðalögum erlendis á vegum ríkisins. Eru þeir óbreyttir frá síðustu ákvörðun og eru sem hér segir:

<i>Almennir dagpeningar:</i>		<i>Gisting</i>	<i>Annað</i>	<i>Samtals</i>
London, New York borg, Washington DC og Tókíó	SDR	145	110	255
Annars staðar	SDR	110	100	210

Dagpeningar vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa:

London, New York borg, Washington DC og Tókíó	SDR	93	70	163
Annars staðar	SDR	70	64	134

Ákvörðun þessi gildir frá og með 1. júní 2005. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 3/2004 dagsett 26. maí 2004.

Ennfremur er vakin athygli á umburðarbréfi nefndarinnar, þar sem nánar er kveðið á um tilhögun greiðslu dagpeninga til ríkisstarfsmanna. Umburðarbréfið ásamt auglýsingu ferðakostnaðarnefndar um dagpeninga er að finna á vefsíðu fjármálaráðuneytisins og er veffangið eftirfarandi: <http://www.fjarmalaraduneyti.is/ferdakostn.html>

Reykjavík, 25. maí 2005.
Ferðakostnaðarnefnd.

3857)

Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009

Í samræmi við 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingalaga nr. 73/1997 með síðari breytingum er hér með auglýst tillaga að breyttu aðalskipulagi Ísafjarðar 1989 – 2009 með áorðnum breytingum. Tillagan tekur til breytinga á svæði sunnan Tunguár og vestan við Skutulsfjarðarbraut og felur í sér eftirfarandi breytingar:

- 1) Verslunar og þjónustureitur er stækkaður til norðurs á kostnað reits fyrir „opinberar byggingar“.
- 2) Vegtenging við Skutulsfjarðarbraut er færð til norðurs og gerð að T-gatnamótum.
- 3) Suðurausturhluta verslunar- og þjónustusvæðis er breytt í „atvinnusvæði“ til samræmis við þá starfsemi sem fyrir er.
- 4) Landnotkunarreitur fyrir íbúðasvæði er lagfærður til samræmis við þegar samþykkt deiliskipulag.

Breytingartillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofunum í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði frá og með föstudeginum 3. júní 2005 til og með föstudagsins 24. júlí 2005.

Samtímis breytingu á aðalskipulagi er auglýst breyting á deiliskipulagi sem tekur til færslu á tengingu Tungubrautar við Skutulsfjarðarbraut, stækkun lóðarinnar að Skeiði 1 og heimildar til eldsneytissölu á henni.

Peir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við aðalskipulagsbreytingartillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er til föstudagsins 24. júní 2005. Skriflegum athugasemdum skal skilað á bæjarskrifstofur Ísafjarðarbæjar, Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði.

Peir sem ekki gera athugasemdir við breytingartillöguna, teljast henni samþykkir.

Ísafirði, 26. maí 2005,
Skipulags- og byggingarfulltrúi.

4149)

Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi fyrir Tunguskeið, Ísafirði, Ísafjarðarbæ

Með vísan til 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1993, er hér með auglýst eftir athugasemdum við tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Tunguskeið á Ísafirði. Breytingin tekur til færslu á tengingu Tungubrautar við Skutulsfjarðarbraut um 33 metra til norðurs. Lóðin að Skeiði 1 stækkar um 942 fermetra og heimilt verður að selja eldsneyti á lóðinni.

Breytingartillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofunum í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði frá og með föstudeginum 3. júní n.k. til og með föstudagsins 1. júlí 2005.

Peim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út föstudaginn 15. júlí 2005. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Ísafjarðarbæjar, Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði. Þeir sem ekki gera athugasemdir við breytingartillöguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir henni.

Ísafirði, 26. maí 2005.
Skipulags- og byggingarfulltrúi.

4150)

Stefna

Sparisjóður Kópavogs, kt. 610269-2739, Hlíðasmára 19, 201 Kópavogi.

gerir kunnugt: að hann þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjaness á hendur Sigurði Andra Sigurðssyni, kt. 190480-4539 nú óstaðsettum í hús, til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 65.107 ásamt dráttarvöxtum af kr. 65.107 frá 6. apríl 2005 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Málflutningsumboð: Undirritaður, Bjarni Þór Óskarsson hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Málsatvik og málsástæður: Skuldin er samkvæmt framlögðu yfirliti yfir tékkareikning nr. 1135-26-009624 við Sparisjóð Kópavogs, Hlíðasmára 19, Kópavogi og er til komin vegna yfirdráttar stefnda. Skuldin samanstendur af yfirdráttarúttektum stefnda af tékkareikningi, þjónustugjöldum og samningsvöxtum. Staða reiknings þann 6. apríl 2005 var kr. 65.107 en þá var skuldin gjaldfelld vegna vanefnda stefnda og hann krafinn um greiðslu hennar og miðast dráttarvaxtakrafa í dómkröfu við það tímamark.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Stefndi er samkvæmt upplýsingum þjóðskrár ekki með skráð lögheimili, þ.e. óstaðsettur í hús, og þrátt fyrir eftirgrennslan hefur ekki tekist að hafa upp á dvalarstað stefnda og á stefnandi ekki annað úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Lagatilvísanir: Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda. Varðandi varnarþing vísast til 36. gr. laga nr. 91/1991. Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaðinu skv. heimild í a-lið 89. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram yfirlit yfir stöðu tékkareiknings, umsókn um debetkortareikning, innheimtubréf lögmanns stefnanda, útskrift úr þjóðskrá og útprentun úr Lögbirtingablaði er stefna þessi birtist í til sönnunar kröfum sínum.

Áskilnaður er gerður um framlagningu frekari gagna gefi málatilbúnaður stefnda tilefni til.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjaness, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 1 í húsnæði héraðsdómsins, Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, þann 14. september 2005, kl. 9.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 10. maí 2005.
F.h. Bjarna Þórs Óskarssonar hrl.,
Ásgeir Jónsson hdl.

(3714

Innkallanir

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-
kveðnum 13. maí 2005, var neðangreint dánarbú
tekið til opinberra skipta. Sama dag var undir-
rituð skipuð skiptastjóri í dánarbúinu.

Nafn dánarbús: Axel Emil Gunnlaugsson kt. 240560-3569 síðast til heimilis að Sléttuvegi 7, Reykjavík	Dánardagur: 10. febrúar 2005
--	--

Hér með er skorað á alla þá sem telja til
skulda eða annarra réttinda á hendur dánarbúinu,
eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum
fyrir undirrituðum skiptastjóra, innan tveggja
mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.
Kröfúlýsingar skulu sendar skiptastjóra að
Síðumúla 35, 108 Reykjavík.

Reykjavík, 23. maí 2005.
Hjördís E. Harðardóttir hdl.

(3819 a

Stjórn Avion Group hf., kt. 660288-1049,
gerir kunnugt að með heimild í 2. mgr. 27. gr.
laga um hlutafélög, nr. 2/1995, hefur hún tekið
ákvörðun um að hlutabréf í félaginu verði tekin
til rafrænnar skráningar í kerfi Verðbréfaskrán-
ingar Íslands hf. Rafræn skráning tekur gildi 19.
september 2005 kl. 9.00 árdegis. Frá þeim tíma
ógildast hin áþreifanlegu hlutabréf í félaginu í
samræmi við heimild í ákvæði til bráðabirgða nr.
II í lögum nr. 131/1997, um rafræna eignar-
skráningu verðbréfa, sbr. 6. gr. laga nr. 32/2000,
um breytingar á ýmsum lögum vegna tilkomu
rafrænnar eignarskráningar á verðbréfum og
reglugerð nr. 397/2000, um rafræna eignarskrán-
ingu verðbréfa í verðbréfamiðstöð.

Öll hlutabréf Avion Group hf. verða tekin til
rafrænnar skráningar, en þau eru öll í einum
flokki, auðkennd raðnúmerum 1-620.526.433
og gefin út á nafn hluthafa. Útgáfudags er getið
á hverju bréfi.

Hér með er skorað á alla eigendur ofan-
greindra hlutabréfa, sem telja nokkurn vafa leika
á því að eignarhald þeirra sé réttilega fært í
hlutaskrá Avion Group hf., að staðreyna skrán-
inguna með fyrirspurn til skrifstofu Avion
Group hf. að Hlíðasmára 3, 201 Kópavogi.
Komi í ljós við slíka könnun að eigendaskipti
hafi ekki verið skráð ber eigendum að færa
sönnur á þau gagnvart félaginu innan þriggja
mánaða frá síðari birtingu innköllunar þessarar.

Ennfremur er skorað á alla þá sem eiga
takmörkuð réttindi til ofangreindra hlutabréfa,
s.s. veðréttindi, að koma þeim á framfæri við
fullgilda reikningsstofnun, sbr. 10. gr. laga nr.
131/1997, um rafræna eignarskráningu verð-
bréfa, innan þriggja mánaða frá síðari birtingu
innköllunar þessarar. Gæta skal þess að reikn-
ingsstofnun hafi gert aðildarsamning við Verð-
bréfaskráningu Íslands hf.

Við rafræna útgáfu ofangreindra hlutabréfa er
nafnverð hluta ákveðið ein króna eða margfeldi
þar af.

Að lokinni rafrænni skráningu geta hluthafar
falið reikningsstofnun sem gert hefur aðildar-
samning við Verðbréfaskráningu Íslands hf.
umsjón með eignarhlut sínum í félaginu. Hlut-
hafar munu fá sendar tilkynningar og reiknings-
yfirlit í samræmi við ákvæði reglugerðar nr.
397/2000.

Hafþór Hafsteinsson,
framkvæmdastjóri Avion Group hf.

(4147 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur upp-
kveðnum 9. maí 2005 voru eftirtalin bú tekin til
gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður
skipaður skiptastjóri þrotabúanna.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur
við nafn hvers bús og fundartími skiptafundar.

Auglýsing

um skipulagsmál í uppsveitum Árnessýslu

Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Samkvæmt 1. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi aðalskipulagsbreytingar:

1. Haukadalur í Biskupstungum, Bláskógabyggð.

Tillaga að breytingu aðalskipulags Biskupstungna 2000 – 2012.

Í breytingunni felst að reiðleið sem legið hefur meðfram Biskupstungnabraut verður færð norður fyrir Laugarfell upp með Laugá og suður með austurhlíðum fellsins að þjóðvegi móts við Haukadal II.

2. Lækjarhvammur í Laugardal, Bláskógabyggð.

Tillaga að breytingu aðalskipulags Laugardalshrepps 2000 – 2012.

Í breytingunni felst að merkt verði efnistökusvæði inn á aðalskipulagsuppdrátt 200 metrum norðvestan við bæjarhús Lækjarhvamms.

3. Minna-Mosfell í Grímsnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Tillaga að breytingu aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps 2002 – 2014.

Tillagan gerir ráð fyrir því að 107 ha landbúnaðarsvæði breytist í svæði undir frístundabyggð, þar af eru um 85 ha norðan Biskupstungnabrautar og 22 ha fyrir sunnan.

Tillagan er auglýst samhliða tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar sunnan og vestan undir Mosfelli.

Samkvæmt 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagstillögu:

4. Búrfell II í Grímsnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar sem leysa skal eldra skipulag af hólmi. Svæðið er um 65 ha og er norðan við Búrfellslæk með aðkomu frá Búrfellsvegi. Gert er ráð fyrir 62 lóðum en þær eru 42 í gildandi skipulagi. Stærðir lóða eru frá 5.200 m² að 9.900 m². Hámarksstærð bústaða er 180 m² en er 100 m² í gildandi skipulagi, mænishæð 6 metrar í stað 5.

5. Efri Brú í Grímsnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Efri-Brúar. Skipulagssvæðið sem er 65 ha að stærð liggur að landi Kaldárhöfða í norðri og að Úlfjótssvatni í vestri.

Gert er ráð fyrir 33 frístundalóðum og eru 14 vestan vegarins. Stærðir lóða eru frá 7.000 m² að 20.000 m² (2ha). Gert er ráð fyrir sameiginlegu bátaskýli fyrir byggðina með aðgengi að vatni.

6. Minna-Mosfell í Grímsnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar.

Svæðið er 75 ha að stærð og er við rætur og í hlíðum Mosfells og hallar því til suðurs og vesturs. Gert er ráð fyrir 56 lóðum sem eru 5.700 m² að 9.600 m² að stærð.

7. Vaðnes í Grímsnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Tillaga að deiliskipulagi 8 frístundalóða við Nesveg við Höskuldslæk austarlega í landi Vaðness.

Skipulagssvæðið er 8 ha og er gert ráð fyrir 8 lóðum um 1 ha hver með aðkomu frá Nesvegi sem liggur niður með læknum. Tillaga að breytingu aðalskipulags á þessum stað er í kynningu.

8. Nesjar í Grafningi, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Tillaga að deiliskiplagi tveggja frístundalóða við Réttartjörn við Hestvík í landi Nesja. Lóðirnar eru númer 3 og 5 við Réttartjarnarveg og eru þær 3.500 m² og 5.800 m² stórar. Lóðirnar voru afmarkaðar í þinglýsingum fyrir allllöngu síðan.

Gert er ráð fyrir allt að 150 m² frístundabústöðum á hvorri lóð og allt að 25 m² aukahúsi. Aðkoma er frá vegi sem liggur suður fyrir tjörnina og upp á ásin.

9. Flúðir í Hrunamannahreppi.

Tillaga að deiliskipulagi íbúðarbyggðar við sunnanverðan Högnastíg og Smiðjustíg auk svæðis ofan við Sunnuhlíð sem hefur aðkomu frá Högnastíg.

Deiliskipulag frá árinu 1997 nær að hluta til svæðisins við Högnastíg og Smiðjustíg og leysir tillagan því þá hluta þess skipulags af hólmi sem svæðið nær til. Högnastígur nær samkvæmt tillögunni lengra upp í hlíðar ássins en gert hefur verið ráð fyrir í fyrra skipulagi.

Tillagan gerir ráð fyrir 17 einbýlishúsalóðum og parhúsalóðum eða 23 íbúðum. Af einbýlishúsalóðunum gera 10 ráð fyrir tveggja hæða húsum.

Fyrra skipulag gerði ráð fyrir 6 raðhúsalóðum og 2 einbýlahúsalóðum á svæðinu þannig að hér er um umtalsverða aukningu að ræða.

Á svæðinu ofan við Sunnuhlíð er gert ráð fyrir 5 einbýlishúsalóðum og 1 parhúslóð sem standa við stutta botnlangagötu.

10. Flúðir í Hrunamannahreppi.

Tillaga að deiliskipulagi tveggja einbýlishúsalóða á lóðum númer 3 og 5 við Vesturbrún. Samkvæmt tillögu að aðalskipulagi Hrunamannahrepps er gert ráð fyrir íbúðabyggð á þessum stað.

Samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:

11. Helludalur í Biskupstungum, Bláskógabyggð.
Tillaga að breytingu deiliskipulags frístundabyggðar.
Tillagan gerir ráð fyrir 12 nýjum lóðum á tveimur nýjum svæðum. Svæði 1 (4 lóðir) er norðan Stekkjartúnsgils og svæði 2 (8 lóðir) er við veginn heim að Helludal. Stærðir lóða eru frá 4.555 m² að 6.476 m².

12. Neðridalur í Biskupstungum, Bláskógabyggð.
Tillaga að breytingu deiliskipulags frístundabyggðar.
Gert er ráð fyrir því að lóðum fjölgi um 11 ofan við núverandi svæði. Verða lóðir því 33 eftir breytingu.
Stærðir lóða eru frá 6.300 m² til 7.200 m².

13. Goðatún úr landi Reykjavalla í Biskupstungum, Bláskógabyggð.
Tillaga að breytingu deiliskipulags. Tillagan gerir ráð fyrir því að frístundalóð vestast í Víkurholti breytist í íbúðarhúsaloð auk þess að hún stækkar til suðurs. Skipulagssvæðið stækkar sem þeirri stækkun nemur.
Aðalskipulagsbreyting á þessum stað hefur verið í kynningu þar sem að frístundasvæði víkur fyrir landbúnaðarsvæði á þessum stað.

14. Úthlíð í Biskupstungum, Bláskógabyggð.
Tillaga að breytingu deiliskipulags við Vörðhólsvæg.
Í breytingunni felst að aðkoma að lóðunum nr. 4 og 5 við Vörðhólsvæg breytist og verður hún frá Guðjónshvammí. Þannig endi Vörðhólsvegur við lóð nr. 2-3.

15. Úthlíð í Biskupstungum, Bláskógabyggð.
Tillaga að breytingu deiliskipulags sunnan og vestan við Mosaskyggni.
Í breytingunni felst:
• 4 nýjar lóðir, 5.000 m² að stærð koma vestan Djáknavegar á mótis við lóðir 1 til 9.
• nýtt svæði kemur vestan við Djáknaveg með 19 lóðum sem standa við göturnar Mosaskyggni, Mosabrunir og Djáknabrunir. Stærðir lóða eru frá 4.800 m² að 7.400 m².

16. Hestur í Grímsnesi, Grímsnes- og Grafningshreppí.
Tillaga að breytingu deiliskipulagsskilmála.
Í breytingunni felst að hámarksstærð bústaða verður 150 m² í stað 80 m² og hámarksstærð aukahúss verður 25 m² í stað 10-15 m².
Tillagan gerir auk þess ráð fyrir ákvæðum sem miða að því að fella hús betur að umhverfi sínu.

17. Þrastarlundur í Grímsnesi, Grímsnes- og Grafningshreppí.
Tillaga að breytingu deiliskipulags þjónustusvæðis UMFÍ.
Tillagan gerir ráð fyrir staðsetningu bensínsjálfsafgreiðslu við bifreiðastæði veitingaskálans. Í gildandi skipulagi er gert ráð fyrir bensínafgreiðslu án þess að hún hafi verið staðsett en með þessari tillögu er það gert.

Skipulagstillögunar liggja frammi á skrifstofu viðkomandi sveitarfélags og hjá embætti skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 3. júní til 1. júlí 2005. Athugasemdir við skipulagstillögunar skulu berast til skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu í síðasta lagi 15. júlí 2005 og skulu þær vera skriflegar. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillögunar innan tilskilins frests, telst vera samþykktur þeim.

Laugarvatni, 27. maí 2005.
Arinbjörn Vilhjálmsson,
skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu.

4151)

Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst til kynningar tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Öskjuhlíð, Keiluhöll.
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð Keiluhallar í Öskjuhlíð.
Tillagan gerir m.a. ráð fyrir að heimilt verði að reisa sjálfsafgreiðslustöð fyrir eldsneyti ásamt tilheyrandi mannvirkjum, s.s. eldsneytistönkum og olíuskiljum neðanjarðar ásamt skyggni yfir dælur, tæknirými fyrir dælubúnað og skilti.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.
Tillagan liggur frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8.20 – 16.15, frá 3. júní til og með 15. júlí 2005. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, skipbygg.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega eða á netfangið skipulag@rvk.is, til skipulags- og byggingarsviðs (merkt skipulagsfulltrúa) eigi síðar en 5. júlí 2005.
Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 27. maí 2005.
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur.

4153)

Nafn bús: Irba ehf., kt. 530192-2619, Bíldshöfða 14, Reykjavík	Frestdagur: 15. desember 2004	Skiptafundur: 18. ágúst 2005 kl. 9.00
---	---	--

(3608 b

Leiðarinn ehf., kt. 621297-5469, Hábergi 3, Reykjavík	14. febrúar 2005	18. ágúst 2005 kl. 9.15
--	------------------	----------------------------

(3609 b

Tómas Jónsson, kt. 220750-6719, Miðstræti 10, Reykjavík	1. mars 2005	18. ágúst 2005 kl. 9.30
--	--------------	----------------------------

(3610 b

PQ verktakar ehf., kt. 620396-2579, Skipholti 50b, Reykjavík	18. febrúar 2005	18. ágúst 2005 kl. 9.45
---	------------------	----------------------------

(3611 b

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrota-búunum, eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innkallana.

Kröfulýsingar skulu sendar skrifstofu skipta-stjóra að Hafnarstræti 20, 101 Reykjavík eða í pósthólf 1224, 121 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búanna verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Hafnarstræti 20, Reykjavík, á ofangreindum tímum.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundina.

Reykjavík, 12. maí 2005,
Bergsteinn Georgsson hdl.,
skiptastjóri.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-kveðnum 9. maí 2005, var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta og undirrituð skipuð skipta-stjóri.

Nafn bús: NICO Nígería-Ísland ehf., kt. 570796-2599, Efstaleiti 14, 103 Reykjavík	Frestdagur: 1. október 2004	Skiptafundur: miðvikudaginn 17. ágúst 2005 kl. 13.00
---	---------------------------------------	--

(3693 b

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-kveðnum 6. maí 2005, var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta og undirrituð skipuð skipta-stjóri.

Nafn bús: AquaCo ehf., kt. 530799-2399, Fifurima 50, 112 Reykjavík	Frestdagur: 1. október 2004	Skiptafundur: miðvikudaginn 17. ágúst 2005 kl. 13.30
---	---------------------------------------	--

(3694 b

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur framan-greindum þrotabúum, eða eigna í vörslum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir neðangreind-um skiptastjóra, innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Sundagörðum 2, 104 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum þrotabúanna, verða haldnir á skrifstofu skipta-stjóra Sundagörðum 2, Reykjavík, Lex-Nestor lögmannsstofu, á ofangreindum tímum.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja þar frammi síðustu viku fyrir skiptafundina.

Reykjavík, 13. maí 2005.
Erla S. Árnadóttir hrl.

Með úrskurði héraðsdóms Vesturlands, upp-
kveðnum 11. maí 2005, var bú neðangreinds
aðila tekið til gjaldþrotaskipta og undirritaður
skipaður skiptastjóri í þrotabúinu:

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Öryggisþjónusta Borgarness ehf., kt. 491100-2490, Brákarbraut 20, Borgarnesi	19. apríl 2005	fimmtudaginn 18. ágúst 2005 kl. 14.00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til
skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu
eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröf-
um sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu
innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar
innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skipta-
stjóra að Borgarbraut 61, pósthólf 12, 310
Borgarnesi.

Skiptafundur til að fjalla um lýstar kröfur og
ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður
haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Borgarbraut
61, Borgarnesi, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun
skiptum verða lokið á þeim skiptafundi með
vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjald-
þrotaskipti o.fl.

Skrá yfir lýstar kröfur mun liggja frammi á
skrifstofu undirritaðs skiptastjóra síðustu vikuna
fyrir skiptafundinn.

Borgarnesi, 17. maí 2005.
Ingi Tryggvason hdl.,
skiptastjóri.

(3715 b

Hluthafar í neðangreindu einkahlutafélagi
hafa nýlega samþykkt að slíta félaginu, sbr. 85.
gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

Á hluthafafundi sem haldinn var 15. mars
2005 voru Björn St. Haraldsson, kt. 270950-
2569, löggiltur endurskoðandi hjá Pricewater-
houseCoopers hf. og Rannveig Jónsdóttir, kt.
170864-4769, framkvæmdastjóri, kjörin í skila-
nefnd félagsins og löggilt með bréfi fyrirtækja-
skrár ríkisskattstjóra þann 27. apríl 2005.

Með vísan til 87. gr. laga nr. 138/1994 er hér
með skorað á alla þá sem telja til skuldar eða
annarra réttinda á hendur félaginu eða eigna í
umráðum þess að lýsa kröfum sínum fyrir
skilanefnd innan 2ja mánaða frá fyrri birtingu
auglýsingar þessarar að viðlögðum kröfumissi.
Kröfulýsingar skulu sendar til Pricewaterhouse-
Coopers hf., Garðarsbraut 15, 640 Húsavík,
merktar Birni St. Haraldssyni.

Fundur með lánardrottnum og hluthöfum
félagsins til að fjalla um framkomnar kröfur
verður haldinn á neðangreindum tíma á skrif-
stofu PricewaterhouseCoopers hf., Garðarsbraut
15, 640 Húsavík. Hafi andmæli gegn afstöðu
skilanefndar til krafna ekki borist skilanefnd í
síðasta lagi á þeim fundi, telst afstaða hennar
endanlega samþykkt.

Nafn félags:	Kröfufundur:
World Minerals Ísland ehf., kt. 430282-0269	að Garðarsbraut 15, Húsavík, föstudaginn, 22. júlí 2005

Húsavík, 12. maí 2005.
Björn St. Haraldsson.
Rannveig Jónsdóttir.

(3717 b

Stjórn Hraðfrystistöðvar Þórshafnar hf., kt.
630169-2759, hefur borist beiðni um að eftir-
farandi hlutabréf í félaginu verði ógild með
vísan til 27. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Nafn:	Nr. hlutabréfs:	Nafnverð:	Útgáfudagur:
Freyr Kristjánsson, kt. 060369-3489	H-001562	13.691	4. júní 1998

Á grundvelli 7. mgr. 27. gr. laga nr. 2/1995
um hlutafélög skorar stjórn Hraðfrystistöðvar

Auglýsing um örnefni

Skv. 2. gr. laga nr. 35/1953 með síðari breytingum, um bæjanöfn o.fl., og 8. gr. reglugerðar
um störf örnefnanefndar, 22. febrúar 1999, ber örnefnanefnd að skera úr ágreiningi um ný götunöfn
og sambærileg örnefni innan sveitarfélaga.

Nefndinni hefur borist erindi þar sem farið er fram á að horfið verði frá götunafninu Geitagerði
að Hólum í Hjaltadal í Sveitarfélaginu Skagafirði vegna samnefnis við lögbýlið Geitagerði í sama
sveitarfélagi.

Hverjum þeim sem telur sig búa yfir vitneskju eða ábendingum, er að haldi komi við undir-
búning úrskurðarins, gefst færi á að kynna örnefnanefnd álit sitt. Ábendingum skal skila til
örnefnanefndar, Lyngási 7, 210 Garðabæ, eigi síðar en 30. júní 2005.

27. maí 2005.
Örnefnanefnd.
Ari Páll Kristinsson formaður.

4155)

Auglýsing um listabókstafi stjórnmálasamtaka

Ráðuneytið hefur úthlutað listabókstafnum **V** til stjórnmálasamtakanna Vinstrihreyfingarinnar-
græns framboðs, og kemur hann í staðinn fyrir listabókstafinn **U**, sem þau höfðu áður.

Þetta auglýsist hér með samkvæmt 38. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24 16. maí 2000.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu,
25. maí 2005

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Hjalti Zóphóníasson.

4156)

Nauðungarsölur Bolungarvík

Eftirtalдар beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar
fyrir á skrifstofu embættisins að Aðalstræti 12, 415 Bolungarvík, miðvikudaginn 6. júlí 2005 kl.
15.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar:	Gerðarþoli (-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Heiðarbrún 7, fastanr. 2121 301 4127)	Sigrún Erla Pálmadóttir og Ingvar Bragason	Íbúðalánasjóður og sýslumaðurinn í Bolungarvík	9.677.741
Holtastígur 11, fastanr. 212 1446 4128)	Ingibjörg Vagnsdóttir	Landsbanki Íslands	2.206.740
Páll á Bakka ÍS 505, skipaskr.nr. 1170 4129)	Meirihlíð ehf.,	Tollstjóraembættið	3.573.976
Stigahlíð 4, fastanr. 212 1619 4130)	Elías Hallsteinn Ketilsson	Sýslumaðurinn í Bolungarvík	66.840
Völusteinn ÍS 89, skipaskr.nr. 2207 4131)	Völusteinn ÍS-89 ehf.	Tollstjóraembættið	281.347
Völusteinsstræti 3, fastanr. 212 1717 4132)	Sigrún Gróa Bjarnadóttir	Íbúðalánasjóður og Landsbanki Íslands hf.	6.660.845
Þjóðólfsvegur 5, fastanr. 212 1756 4133)	Birna Hjaltalín Pálsdóttir	Lífeyrissjóður verslunarmanna	139.985
Þuríðarbraut 15, fastanr. 212 1784 4134)	Gná hf.	Sýslumaðurinn í Bolungarvík	2.115.118

Bolungarvík, 25. maí 2005.
Sýslumaðurinn í Bolungarvík,
Jónas Guðmundsson.

2. Málsókn þrotabúsins til riftunar á hugsanlegum gjafagerningum við sölu V & Þ hf. á vörubirgðum, verkfærum o.fl., heimtu endurgjalds og skaðabóta. Þá verður fjallað um hugsanlegan kostnað þrotabúsins af málarekstrinum.

Kröfuhafar mega búast við að ákvarðanir um framangreint verði bornar undir atkvæði á fundinum

Reykjavík, 23. maí 2005.
Viðar Lúðvíksson hrl.

(3831

Skiptafundur í neðangreindu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Lyngási 5-7, Egilsstöðum, á neðangreindum tíma.

Nafn bús: Birgir Árnason, kt. 230756-4309, Sandbakka 7, Höfn	Skiptafundur: fimmtudaginn 30. júní 2005 kl. 9.00
--	---

Á fundinum veður fjallað um frumvarp til úthlutunar úr þrotabúinu, sem liggur frammi á væntanlegum fundarstað til sýnis fyrir lánardrottna og aðra, sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta, síðustu tvær vikur fyrir fundinn. Verði andmælum ekki hreyft gegn frumvarpinu, í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi, mega þeir sem hlut eiga að máli vænta þess að skiptum verði lokið á grundvelli frumvarpsins, sem verður þar með úthlutunargerð úr búinu.

Komi ekki fram ábendingar um eignir í búinu í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi verður skiptum lokið með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti.

Egilsstöðum, 23. maí 2005.
Bjarni G. Björgvinsson,
skiptastjóri.

(3834

Skiptafundur í neðangreindu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra, að Strandgötu 25, Hafnarfirði á neðangreindum tíma.

Komi ekkert frekar fram um eignir eða önnur réttindi sem fallið geta til þrotabúsins í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi mun skiptastjóri ljúka skiptum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Nafn bús: Radíóhúsið ehf., kt. 581096-2249, Dalvegi 16a, 200 Kópavogi	Skiptafundur: fimmtudaginn 16. júní 2005 kl. 9.30
--	---

Hafnarfirði, 20. maí 2005.
Stefán Bj. Gunnlaugsson hrl.,
skiptastjóri.

(3842

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Austurlands upp-kveðnum 16. mars 2001 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu til greiðslu upp í lýstar kröfur og var skiptum lokið þann 24. maí 2005 skv. 155. gr. laga nr. 21/1991 .

Nafn bús: Útgerðarfélagið Hilmir ehf., kt. 460279-0979, Hafnarbraut 6, Neskaupstað	Fjárhæð lýstra krafna: kr. 11.336.314
--	---

Fjarðabyggð, 24. maí 2005.
Gísli M. Auðbergsson hdl.,
skiptastjóri.

(3835

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjaness, upp-kveðnum 13. nóvember 2003 voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undir-

ritaður skipaður skiptastjóri í viðkomandi þrotabúi.

Överulegar eignir fundust í búunum og var skiptum því lokið 24. febrúar 2004 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur auk áfallandi dráttar-vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: Heildverslun Koffortsins ehf., kt. 491100-2570, Strandgötu 21, Hafnarfirði	Fjárhæð lýstra krafna kr.: 4.399.505
---	--

(3848

Arnar og Sigurður ehf., kt. 471101-3620, Fiskitorfu, Garði	14.084.721
--	------------

(3849

GM Export ehf., kt. 591201-4170, Þórustíg 28, Njarðvík	4.581.547
--	-----------

(3850

Eftirlits og tæknistofan ehf., kt. 650500-2020, Brekkestíg 39, Njarðvík	3.085.374
---	-----------

(3851

Hafnarfirði, 20. maí 2005.

Jónas Þór Guðmundsson hdl.

Hlutfélagaskrá Samrunatilkynning

Hlutfélagaskrá hefur borist samrunaáætlun neðangreindra félaga ásamt fylgiskjölum, þ.m.t. yfirlýsing matsmanna skv. 4. mgr. 97. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutfafélög og 4. mgr. 122. gr. laga nr. 2/1995 um hlutfafélög, um að hve miklu leyti samruninn kunni að rýra möguleika lánardrottna á fullnustu í hinum einstöku félög-um.

Yfirtökufélag: Bær hf., kt. 481074-0539, Klausturvegi 6, 880 Kirkjubæjarklaustri.

Yfirtekið félag: Færi ehf., kt. 540504-2020, s.st.

Uppgjörsdagur: 1. janúar 2005. Frá og með þeim degi tekur yfirtökufélagið við öllum eignum og skuldum, réttindum og skyldum yfirtekna félagsins sem telst þá reikningslega lokið.

Félagið mun bera nafn yfirtökufélagsins eftir samrunann og samþykktir þess með þeim breytingum, sem samrunanum fylgja, munu gilda um hið sameinaða félag.

Í síðasta lagi mánuði fyrir hluthafafundi/ stjórnarfundi þá, sem endanlega ákveða samruna og halda má í fyrsta lagi mánuði eftir birtingu auglýsingar um móttöku samrunaáætlunar, skulu skjöl þau er getur í 5. mgr. 99. gr. laga nr. 138/1994 og 5. mgr. 124. gr. laga nr. 2/1995 lögð fram hluthöfum til skoðunar eða afhendingar á skrifstofu hvors samrunafélags fyrir sig.

Í yfirlýsingu matsmanna skv. 4. mgr. 97. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutfafélög og 4. mgr. 122. gr. laga nr. 2/1995 um hlutfafélög kemur fram að við samrunann muni hreinar skuldir Bæjar hf. aukast, sem rýrir möguleika lánardrottna að fá fullnustu krafna sinna sem skulda-aukningunni nemur. Hins vegar er talið að rekstur undanfarinna ára og rekstraráætlanir félagsins bendi til þess að þrátt fyrir skulda-aukningu geti hið sameinaða félag staðið við allar skuldbindingar sínar. Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 123. gr. laga nr. 2/1995 er athygli lánardrottna félagsins vakin á réttindum þeirra

samkvæmt 126. gr. sömu laga. Þar er m.a. kveðið á um heimild lánardrottna vegna krafna, sem hafa stofnast fyrir birtingu tilkynningar um samrunaáætlun skv. 123. gr. og ekki hefur verið sett sérstök trygging fyrir, til að lýsa kröfum sínum innan mánaðar frá töku ákvörðunar um samruna í öllum samrunafélögunum. Skal slík-um kröfuhöfum vera heimilt að krefjast greiðslu á lýstum kröfum sem eru gjaldfallnar og jafn-framt má krefjast þess að sett verði fullnægjandi trygging fyrir lýstum, ógjaldföllnum kröfum.

Reykjavík, 27. maí 2005.
Ríkisskattstjóri,
hlutafélagaskrá.

(4154

Tilkynning um meðferð máls skv. barnalögum

Sýslumaður Snæfellinga, Borgarbraut 2, 340 Stykkishólmi, gerir kunnugt að Sif Bjarnadóttir, kt. 020258-5869, Laugagerði, Snæfellsnesi, hefur farið þess á leit að Ib Dan Petersen, f.d. 07.08.1954, með óþekkt heimilisfang í Dan-mörku, verði gert að greiða henni framlag vegna fermingar sonar þeirra Ásbjörns Ibsson, kt. 120291-3279, samkvæmt 60. gr. barnalaga nr. 76/2003.

Með vísan til a-liðar 4. mgr. 70. gr. barnalaga er hér með skorað á Ib Dan Petersen að mæta til fyrirtöku málsins á skrifstofu sýslumanns Snæ-fellinga að Brogarbraut 2, Stykkishólmi, þriðju-daginn 12. júlí 2005, kl. 10.00, eða gera skrif-lega grein fyrir afstöðu sinni fyrir þann tíma.

Athygli er vakin á því að verði þessari kvaðn-ingu ekki sinnt mun sýslumaður veita úrlausn á grundvelli þeirra krafna og gagna sem fyrir liggja.

Sýslumaður Snæfellinga,
12. maí 2005.
Ólafur K. Ólafsson.

(3632

Tilkynning fjármálaeftirlitsins um heimild til yfirfærslu váttryggingastofna Varðar Váttryggingafélags hf. til Íslandstryggingar hf. og samruni félaganna undir nafninu Vörður-Íslandstrygging hf.

Það tilkynnist hér með að Fjármálaeftirlitið hefur, með bréfum dags. í dag, heimilað yfir-færslu váttryggingastofna Varðar Váttrygginga-félags hf. til Íslandstryggingar hf. og samruna félaganna frá og með 1. janúar 2005 undir nafn-inu, Vörður-Íslandstrygging hf., til samræmis við umsókn félaganna, dags. 30. mars 2005.

Réttindi og skyldur váttryggingataka og vá-tryggðra og annarra samkvæmt váttrygginga-samningum halda sjálfkrafa gildi sínu við flutning á váttryggingastofni og samruna vá-tryggingafélaga. Váttryggingatakar geta sagt upp váttryggingasamningi sínum við viðkomandi félag frá þeim degi sem flutningur stofnsins er

heimilaður tilkynni þeir uppsögn skriflega innan mánaðar frá flutningsdegi sbr. 86. gr. og 88. gr. laga um váttryggingastarfsemi nr. 60/1994. Flutningsdagur í þessu sambandi hefst við birtingu þessarar tilkynningar í Lögbirtinga-blaði.

Fjármálaeftirlitið,
23. maí 2005.

(4125

Búfjármörk Fjármörk

Landnám Ingólfs Arnarsonar

Eyrnamark: Sýlt, stig framan hægra. Sýlt, stig framan vinstra.

Bæjarnúmer: 41 Gv.

Eigandi: Steinþór Helgason.

Heimilisfang: Staðarhrauni 41, Grindavík.

(3820

Eyrnamark: Sýlt hægra. Sýlt, stig framan vinstra.

Bæjarnúmer: 41 Gv.

Eigandi: Helgi Óli Ólafsson.

Heimilisafang: Leynisbrún 2, Grindavík.

(3821

Meðalfelli, 3. maí 2005.

Gísli Ellertsson, markavörður.

Mýrasýsla

Eyrnamark: Stýft hægra. Sýlt, lögg aftan vinstra.

Bæjarnúmer: 23 M4.

Eigandi: Barbara Ósk Guðbjartsdóttir.

Heimilisfang: Kaðalstöðum, Stafholtstung-um. Flutt frá Erpsstöðum, Dölum nr. 10220 í Landsmarkaskrá 2004.

Hóli, 8. maí 2005.

Pórir Finnsson, markavörður.

(3822

A-Barðastrandarsýsla

Eyrnamark: Tvístýft framan, biti aftan hægra. Sneitt framan vinstra.

Bæjarnúmer: 33 AB.

Eigandi: Hekla Karen Steinarsdóttir.

Heimilisfang: Grund, Reykhólahreppi.

Eigendaskipti: Mark nr. 760 í Vestfjarðaskrá 2004.

Króksfjarðanesi, 9. maí 2005.

Arnór Grímsson, markavörður.

(3823

V-Skaftafellssýsla

Eyrnamark: Alheilt hægra. Sneitt framan, biti aftan vinstra.

Bæjarnúmer: 14Z14.

Eigandi: Torfi G. Jónsson.

Heimilisfang: Bakkakoti I, Skaftárhreppi. Mark nr. 511 í Landsmarkaskrá 2004.

(3824

Eyrnamark: Lögg aftan hægra. Sneitt aftan, fjöður framan vinstra.

Bæjarnúmer: 1215.

Eigandi: Soffía G. Gunnarsdóttir.

Heimilisfang: Jörvík I, Skaftárhreppi.

(3825

Eyrnamark: Tvírifað í heilt hægra. Stýft, biti aftan vinstra.

Bæjarnúmer: 41Z12.

Eigandi: Ragnhildur Andrésdóttir.

Heimilisfang: Fossum, Skaftárhreppi.

(3826

Eyrnamark: Tvístigað aftan hægra. Alheilt vinstra.

Bæjarnúmer: 14Z14.

Eigandi: Torfi G. Jónsson.

Heimilisfang: Bakkakoti I, Skaftárhreppi.

Eigendaskipti: Mark nr. 13213 í Lands-markaskrá 2004.

(3827

Eyrnamark: Tvístigað aftan hægra. Sneitt aftan vinstra.

Bæjarnúmer: 14Z14.

Eigandi: Torfi G. Jónsson.

Heimilisfang: Bakkakoti I, Skaftárhreppi.

Eigendaskipti: Mark nr. 13233 í Lands-markaskrá 2004.

(3828

Prestsbakka, 10. apríl 2005.

Jón Jónsson, markavörður.

Rangárvallasýsla

Eyrnamark: Stúfrifað hægra. Sýlt vinstra.

Bæjarnúmer: 2R2.

Eigandi: Guðmundur Ó. Bæringsson.

Heimilisfang: Árbæ, Holtum.

Hjallanesi I, 3. maí 2005.

Kjartan Magnússon, markavörður.

(3829

Eyjafjarðarsýsla

Eyrnamark: Hófbiti framan hægra. Tvístýft aftan vinstra.

Bæjarnúmer: 14 E 06.

Eigandi: Eva María Ólafsdóttir.

Heimilisfang: Lönguhlíð, Hörgárdal. Eigandi flytur markið frá Galtartungu, Dalasýslu, sbr. mark nr. 5950 í Landsmarkaskrá 2004.

Akureyri, 29. apríl 2005.

Hörður Garðarsson, markavörður.

(3830

Svipting fjárræðis

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-kveðnum 13. mars var Ólafía Björg Baldurs-dóttir, kt. 150486-2629, Granaskjóli 34, Reykjavík, svipt fjárræði í eitt ár.

Reykjavík, 24. maí 2005.

Arnfríður Einarsdóttir,

settur héraðsdómari.

(4135

Auglýsing

um einkarétt á skipsnafni

Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 115/1985 um skráningu skipa hefur Siglingastofnun Íslands veitt Kjartani J. Haukssyni, kt. 111261-7419, einkarétt á skipsnafninu **Kafari**.

Kópavogi, 24. maí 2005.

f.h. Siglingastofnunar Íslands.

Sigríður Jakobsdóttir,

skráningarstjóri.

(4126

Áskorun

skv. þinglýsingarlögum

Þann 27. júlí 1979 gaf Haukur Tryggvason, kt. 141125-3979, Sæbóli, Dalvík út veðskulda-bréf til Kaupfélags Eyfirðinga að fjárhæð kr. 894.106 gamlar krónur og skyldi bréfið greiðast á næstu 3-þrem-árum með gjalddögum 1. október og 1. apríl ár hvert, í fyrsta sinn 1. október 1979. Til tryggingar greiðslu bréfsins var fasteignin Sæból á Dalvík ásamt tilheyrandi lóð, sett að veði. Bréfið var mótttekið til þing-lýsingar 13. ágúst 1979 og það auðkennt í þing-lýsingabók nr. 3903/1979. Útgefandi bréfsins lést 6. mars 2004 og hefur Ingvar Þóroddsson hdl., verið skipaður skiptastjóri í dánarbúinu. Skiptastjórinn staðhæfir að veðskuldabréfið sé að fullu greitt en að frumrit þess sé glatað.

Að beiðni eiganda fasteignarinnar, fyrr-greinds skiptastjóra, er skorað á réthafa fyrr-greinds veðskuldabréfs að halda fram rétti sínum með tilkynningu til þinglýsingardeildar em-bættisins innan fjögurra mánaða frá síðustu birtingu áskorunar, að öðrum kosti verður því aflýst.

Akureyri, 13. maí 2005.

Sýslumaðurinn á Akureyri,

Sigurður Eiríksson ftr.

(3704 e

Lögbirtingablað,

54. tölublað 2005.

Útgefandi fyrir hönd dómsmálaráðuneytisins

og ábyrgðarmaður.

Eygló Halldórsdóttir


Gutenberg